

Ed.

930. Nefndarálit

[217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., shr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sanmála um afgreiðslu málsins. Fjórir nefndarmenn vilja samþykkja frv. óbreytt, en ég tel nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á því.

Gildandi tollskrá er fyrir löngu orðin óviðunandi vegna misræmis í tolltöxtum, og hefur þetta misræmi farið vaxandi, síðan EFTA-samkomulagið var gert.

Meðal annars er aukið ósamræmi ríkjandi í tollmeðferð á vélum og tækjum til hinna ýmsu atvinnugreina. Þannig eru ýmsar vélar og tæki til landbúnaðar tollaðar hærra en hliðstæðar vélar til iðnaðar. Hið sama má segja um vélar og tæki til fiskiðnaðar og útgerðar.

Ég vil gera tilraun til að koma fram nokkrum leiðréttingum á tollskránni sem að því stefna að lækka tolla á vélum og tækjum til landbúnaðar og fiskiðnaðar, þannig að þessar atvinnugreinar búi við sömu tollakjör og iðnaður.

Einnig tel ég óforsvaranlegt með öllu, að fæðutegundir sem gerðar eru sérstaklega fyrir sykursjúka, séu með 20% tolli á sama tíma og sykur og almennar sykurvörur eru tollfrjálsar.

Þess vegna flyt ég eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.

1. Í 13. tölulið bætist nýr liður:
21.07.03 orðist svo:

Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum svo og fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka.

2. Við 54. tölulið bætist:	1978	Frá 1/1. 1979	Frá 1/1 1980
Eftirtaldir liðir breytist þannig:			
a) 84.10			
31 Fiskidælur	0	0	0
b) 84.17			
21 Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu	0	0	0
22 Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur)	0	0	0
c) 84.18			
11 Mjólkurskilvindur	0	0	0
d) 84.22			
11 Kraftblokkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta	0	0	0
12 Vindur, þar með talin akkeris- og skipavindur	0	0	0
21 Lyftikranar	0	0	0
31 Heyblásarar (til að færa hey)	0	0	0
62 Pallalyftur á bifreiðar (sturtur)	0	0	0
e) 84.24			
10 Plógar	0	0	0
20 Vélar til sáningar, plöntunar og umplöntunar; áburðar og mykjudreifarar	0	0	0
31 Herfi	0	0	0
41 Áburðardreifarar	0	0	0
f) 84.25			
31 Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar	0	0	0
32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	0	0	0
41 Flokkunarvélar	0	0	0
g) 84.26			
Mjaltavélar	0	0	0
21 Mjólkurvinnsluvélar	0	0	0
h) 84.30			
15 Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar, slægingarvélar og haus-skurðarvélar til vinnslu á fiski	0	0	0
i) 84.59			
83 Stýrivélar til skipa	0	0	0
j) 84.65			
01 Skipsskrúfur, skrófuáspéttar og skiptiskrúfubún- aður	0	0	0

Alþingi, 5. maí 1978.

Ragnar Arnalds.